

## REGLUGERÐ

### um (10.) breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

#### 1. gr.

b. liður 2. mgr. 10. gr. orðast svo:

b. afrit af gildandi deiliskipulagi eða gildandi aðalskipulagi sé deiliskipulag ekki til staðar,

#### 2. gr.

Við 1. mgr. 12. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo:

Sé starfsleyfi gefið út án þess að fyrir liggi deiliskipulag skal það ekki gefið út til lengri tíma en fjögurra ára, nema um sé að ræða atvinnustarfsemi á útgefnum lista ráðherra skv. 3. mgr. 7. gr.

#### 3. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

14.3 Allur atvinnurekstur skal vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar í fylgiskjali 2, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti. Deiliskipulag þarf auk þess ekki að vera til staðar vegna atvinnustarfsemi í fylgiskjali 1 og I. viðauka, sé um að ræða nýjan atvinnurekstur á stað þar sem áður var atvinnurekstur með starfsleyfi. Starfsemin skal þá samrýmast aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðaðróun og vera í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

#### 4. gr.

Við 1. mgr. 16. gr. bætast nýir málslíðir sem orðast svo:

Þrátt fyrir 1. másl. 3. mgr. 14. gr. þarf deiliskipulag ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar í fylgiskjali 2, enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðaðróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti. Deiliskipulag þarf auk þess ekki að vera til staðar vegna atvinnustarfsemi í fylgiskjali 1 og I. viðauka sé um að ræða umsókn um starfsemi fyrir starfandi atvinnurekstur. Starfsemin skal þá samrýmast aðalskipulagi varðandi landnotkun og byggðaðróun og vera í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Útgefandi starfsleyfis skal leita umsagnar skipulagsfulltrúa og byggingarfulltrúa um þessa þætti.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir kemur í stað reglugerðar nr. 177/2014 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 27. febrúar 2014.*

F. h. r.  
**Stefán Thors.**

\_\_\_\_\_  
*Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.*